

Fundargerð 16. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 1. september 2015 kl. 10.15

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Sóknaráætlanir landshlutanna.
3. Áhersluverkefni landshlutanna.
4. Hlutverk og stjórnsýsluleg staða stýrihópsins.
5. Önnur mál
 - a. Fundir stýrihóps og landshlutasamtaka sveitarfélaga
 - b. Næsti fundur stýrihóps

Mættir: Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Elvar Knútur Valsson (ANR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karl Björnsdóttir (sambandinu, yfirgaf fundinn kl. 11.15), Stefanía Traustadóttir (IRR), Unnur Orradóttir Ramette (UTN), Þór G. Þórarinnsson (VEL), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR), Árni Ragnarsson (Byggðastofnun) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Björn Helgi Barkarson (UAR), Inga Birna Einarsdóttir (VEL), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR) og Pétur Berg Matthíasson (FJR).

Formaður setti fundinn og bauð Þór sérstaklega velkominn á hans fyrsta fund.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 15. fundar hafði verið send fundarmönnum og var hún samþykkt án athugasemda.

2. Sóknaráætlanir landshlutanna

Í yfirlýsingu um ábyrgð og hlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál varðandi framkvæmd og eftirfylgni samninga um sóknaráætlanir landshluta 2015-2019, sem fylgir sem viðauki við samningana, er kveðið á um að stýrihópurinn staðfesti sóknaráætlanir landshluta.

Allir landshlutarnir skiluðu sóknaráætlunum sínum í sumar og tók stýrihópurinn þær til umræðu á síðasta fundi, þann 18. ágúst og var þeirri umræðu framhaldið.

Niðurstaða stýrihópsins er að gera ekki athugasemdir við sóknaráætlanirnar, þó að ýmislegt mætti betrumbæta. Sem dæmi má nefna að markmið eru oft óljós, árangursmælikvörðum ábótavant og í fæstum tilvikum eru skírskotanir í aðrar opinberar áætlanir og stefnur. Á fundum stýrihóps og landshlutasamtakanna nú í haust verður farið yfir sóknaráætlun hvers landshluta þar sem heimamenn gera grein fyrir sínum áætlunum og farið verður yfir það sem betur mætti fara.

3. Áhersluverkefni landshlutanna

Í samningum um sóknaráætlanir er landshlutunum falið að skilgreina áhersluverkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar og áherslna samráðsvettvangs. Verkefnin þurfa að hljóta staðfestingar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.

Stýrihópnum hafa borist áhersluverkefni frá öllum landshlutum, utan Norðurlands vestra og Norðurlands eystra. Fæst eru verkefnin þrjú og flest eru þau sjö. Samtals eru verkefnin 30 áhersluverkefni frá sex landshlutum. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hafa óskað eftir fresti til 1. október nk. til að skila áhersluverkefnum.

Miklar umræður urðu um áhersluverkefnin almennt, auk þess sem farið var sérstaklega í hvert verkefni fyrir sig. Stýrihópurinn er sammála um að almennt þurfi landshlutarnir að skerpa á framsetningu verkefnanna, sérstaklega hvað varðar markmið, árangursmælikvarða og tengsl við sóknaráætlun. Í fæstum tilfellum fylgja verkefnislýsingar og því ekki alltaf ljóst hvað verkefni fela í sér. Fundir stýrihóps og landshlutasamtakanna í haust verða meðal annars nýttir til að fara yfir það sem betur má fara.

Stýrihópurinn gerir ekki athugasemdir við verkefnin miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, fyrir utan eitt verkefni á Austurlandi. Það verkefni sem stýrihópurinn telur sér ekki fært að staðfesta felur í sér 25% starf verkefnisstjóra með umsýslu uppbyggingarsjóðs Austurlands. Ákvörðunin byggir á 14. gr. samnings um sóknaráætlun Austurlands 2015-2019, þar sem fram kemur að heimilt er að nýta allt að 7 milljón króna á ári í beina umsýslu með samningnum. Samkvæmt upplýsingum frá SSA er þetta verkefni til viðbótar við þá fjármuni og gengur því gegn samningnum.

Fram kom í umræðum um áhersluverkefnin að þörf er á að stýrihópurinn endurskoði og bæti eyðublöð og form fyrir upplýsingar sem landshlutasamtökin eru beðin um að koma á framfæri við stýrihópinn til að koma í veg fyrir misskilning. Verður það gert í samráði við landshlutasamtökin.

Verkefnisstjóra falið að senda landshlutasamtökunum póst þar sem óskað verði eftir að við lokafrágang og skil verkefnanna til staðfestingar stýrihópsins liggi fyrir verkefnalýsingar, að markmið séu skýr og að tilvísanir í tengsl hvers verkefnis við sóknaráætlun séu greinileg.

Stýrihópurinn samþykkir að verða við beiðni SSVN um frest á skilum áhersluverkefna. Verða þau verkefni tekin fyrir á næsta fundi stýrihóps í byrjun október. Þá er gert ráð fyrir að upplýsingar um áhersluverkefni Norðurlands eystra hafi borist fyrir þann fund.

4. Hlutverk og stjórnsýsluleg staða stýrihópsins

Til grundvallar starfi stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál eru erindisbréf hópsins, viðauki við samninga um sóknaráætlanir landshluta 2015-2019 og ný lög um byggðaaætlun og sóknaráætlanir. Samhliða umræðum um lið 3 og 4 hér að ofan ræddi stýrihópurinn almennt um eigið hlutverk og hvernig best mætti leiðbeina og styðja landshlutana við gerð sóknaráætlana. Vegna tímaskorts var þeirri umræðu frestað til næsta fundar.

5. Önnur mál

a. Fundir stýrihóps og landshlutasamtaka sveitarfélaga

Staðfestir fundartímar liggja fyrir í sex af átta landshlutum. Fyrsti fundurinn verður á Austurlandi þriðjudaginn 8. september og gert er ráð fyrir að síðasti fundurinn verði í byrjun október á höfuðborgarsvæðinu.

b. Næsti fundur stýrihóps

Næsti fundur stýrihóps ákveðinn miðvikudaginn 7. október kl. 10.00-12.00 í atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.